



Skýrsla vinnuhóps um endurskoðun á sjúkra- og slysadagpeningum

Útgefandi:

Heilbrigðisráðuneytið

Skýrsla vinnuhóps um endurskoðun á sjúkra- og slysadagpeningum

Maí 2025

hrn@hrn.is

www.hrn.is

Umbrot og textavinnsla:

Heilbrigðisráðuneytið

©2025 Heilbrigðisráðuneytið

ISBN 978-9935-515-70-4

Efnisyfirlit

Samantekt	4
1. Hlutverk vinnuhópsins og áherslur	5
2. Almennt um sjúkradagpeninga	7
3. Hlutverk sjúkradagpeninga í dag	10
4. Yfirlit yfir sjúkradagpeningagreiðslur einstaklinga	11
5. Slysadagpeningar skv. lögum um slysatryggingar almannatrygginga	14
6. Almennt um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur	16
7. Samspil sjúkra- og slysadagpeninga og sjúkra- og endurhæfingargreiðslna.....	18
8. Greining á valkostum.....	20
9. Tillögur vinnuhópsins	24
Fylgiskjal I.....	25

Samantekt

Tildrög hópsins eru gildistaka laga um breytingu á lögum um almannatryggingar sem taka gildi 1. september nk. Við gildistökuna verður til nýr greiðsluflokkur, sjúkra- og endurhæfingargreiðslur, sem greiðast til einstaklinga sem verða óvinnufærir til lengri tíma. Hópnum var falið að kortleggja samspil sjúkra- og endurhæfingargreiðslna við sjúkra- og slysadagpeninga sem greiddir eru skv. lögum um sjúkratryggingar og lögum um slysatryggingar almannatrygginga.

Fram kemur að ákvæði um sjúkra- og slysadagpeninga hafi verið nær efnislega óbreytt í áratugi, en tilgangur þeirra hafi upphaflega verið sá að tryggja efnalítlum einstaklingum lífsviðurværi vegna fjarveru frá vinnu. Á þeim tíma hafi engin önnur úrræði staðið til boða líkt, en aðstæður eru gjörbreyttar í dag með tilkomu réttinda á vinnumarkaði og greiðslna úr sjúkrasjóðum stéttarféлага. Hlutur sjúkra- og slysadagpeninga af framfærslu óvinnufærra einstaklinga er þannig mun minni en áður fyrr en hefur mesta þýðingu fyrir tekjulága einstaklinga.

Í skýrslunni er greint frá tölulegum upplýsingum um sjúkra- og slysadagpeninga, en um 2.500 einstaklingar fá greiðslur á ári. Líklegt er að nokkur skörun verði á milli dagpeningagreiðslna og sjúkra- og endurhæfingargreiðslna, sem heimilt verður að sjúkra- og endurhæfingargreiðslur þegar viðkomandi bíður eftir því að fá meðferð eða að endurhæfing hefjist. Vinnuhópurinn greinir nokkra valkosti en leggur til að ákvæði um sjúkra- og slysadagpeninga verði felld brott úr lögum og að nýr greiðsluflokkur, sambærilegur sjúkra- og slysadagpeningum, verði samhliða tekinn upp í lög um félagslega aðstoð.

1. Hlutverk vinnuhópsins og áherslur

Þann 22. júní 2024 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 104/2024, um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga. Lögin taka gildi 1. september 2025. Í þeim eru ýmis nýmæli á sviði almannatrygginga, svo sem nýr greiðsluflokkur sem ber heitið sjúkra- og endurhæfingargreiðslur. Réttur getur myndast til greiðslnanna þegar einstaklingur, sem býr við langvarandi eða alvarlegan heilsubrest eða fötlun, sem talin er geta haft áhrif til frambúðar á getu hans til virkni á vinnumarkaði, fær viðurkennda meðferð, er á bið eftir meðferð eða endurhæfingu, eða tekur virkan þátt í endurhæfingu með það að markmiði að stuðla að aukinni færni til atvinnuþátttöku að fullu eða að hluta eða þegar einstaklingur getur ekki hafið meðferð eða endurhæfingu vegna heilsubrests.

Í frumvarpi til laganna kemur eftirfarandi m.a. fram um þessar nýju greiðslur:

Er með þessari breytingu verið að koma til móts við þá gagnrýni sem gildandi kerfi sætir um að fólk fái ekki greiddan endurhæfingarlífeyri á biðtíma eftir þjónustu eða þegar það er of veikt fyrir endurhæfingu en sá tími getur valdið óhjákvæmilegum kvíða sem aftur hefur neikvæð áhrif á batahorfur. Með því að tryggja samfellu sjúkra- og endurhæfingargreiðslna á öllu framangreindu tímabili og þar með stuðla að ákveðnu öryggi hvað framfærslu varðar er talið að auka megi líkur á að árangur þeirrar þjónustu sem verið er að veita náist. Þykir það bæði einstaklingum og samfélaginu til hagsbóta til lengri tíma en til þess verður að líta að það getur verið kostnaðarsamt fyrir samfélagið að greiða fyrir þjónustu sem skilar ekki tilætluðum árangri þar sem hún er veitt of snemma. Ákveðið hefur verið að skipa starfshóp sem hafi það hlutverk að skoða samspil hinna nýju greiðsluflokka og sjúkradagpeninga þar sem m.a. verði hugað að flutningi sjúkradagpeninga til Tryggingastofnunar.

Þann 4. september 2024 var skipaður vinnuhópur í samræmi við framangreint. Vinnuhópnum var samkvæmt skipunarbréfi falið að meta áhrif breytinga samkvæmt lögum nr. 104/2024 á sjúkradagpeninga samkvæmt lögum nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, og yfirfærslu réttindanna frá Sjúkratryggingum til Tryggingastofnunar. Hópurinn var skipaður eftirtöldum aðilum:

- Pétur Örn Pálmarsson, heilbrigðisráðuneyti, formaður.
- Tryggvi Þórhallsson, tilnefndur af félags- og húsnæðismálaráðuneyti.
- Ingibjörg Sigríðar Elíasdóttir, tilnefnd af félags- og húsnæðismálaráðuneyti.
- Berglind Ýr Karlsdóttir, tilnefnd af Sjúkratryggingum.
- Þórir Ólason, tilnefndur af Tryggingastofnun.

Þá tóku þátt í vinnu hópsins Selma Margrét Reynisdóttir, heilbrigðisráðuneyti, Friðrik Jónsson, Sjúkratryggingum og Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir, Tryggingastofnun.

Hópurinn fundaði í fimm skipti frá október 2024 til febrúar 2025. Á fundum hópsins var rætt um dagpeningakerfið í heild, ekki einungis sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar heldur einnig dagpeninga skv. 11. gr. laga nr. 45/2015, um slysatryggingar almannatrygginga (hér eftir slysadagpeningar). Að mati hópsins var tilefni til að taka dagpeningagreiðslur til endurskoðunar í víðu samhengi og fól ráðherra hópnum að endurskoða sjúkra- og slysadagpeninga og leggja fram tillögur að breytingum á núverandi kerfi. Skýrslan byggir á gögnum og upplýsingum frá Sjúkratryggingum, félags- og húsnæðismálaráðuneyti og Tryggingastofnun.

Í vinnu sinni lagði hópurinn áherslu á eftirfarandi atriði í tengslum við breytingar á sjúkra- og slysadagpeningum í ljósi gildistöku sjúkra- og endurhæfingargreiðslna þann 1. september n.k.;

- Kynna sér bakgrunn sjúkra- og slysadagpeningagreiðslna og stöðu greiðslnanna í umhverfi dagsins í dag og þá hópa sem eiga rétt á greiðslum.
- Kortleggja umgjörð réttinda sem óvinnufærir einstaklingar njóta nú til dags, svo sem greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga, félagslega aðstoð sveitarfélaga o.fl.
- Leggja fram tillögur að einfaldara og skilvirkara kerfi greiðslna vegna óvinnufærni.
- Greina áhrif af mögulegum breytingum gagnvart þeim viðkvæmu markhópum sem um ræðir.

2. Almennt um sjúkradagpeninga

Í grein sem Guðmundur Björnsson, landlæknir frá 1906-1931, skrifaði í Skírni árið 1909 fjallaði hann um svonefnd sjúkrasamlög og rétt til opinberrar sjúkratryggingar vegna veikinda og slysa. Nefnir hann að alþýðumenn í öðrum löndum hafi stofnað tryggingafélög gegn veikindum (sjúkrasamlög) sem víða njóti mikils styrks af almannafé auk þess sem umgjörð hafi verið ákveðin með landslögum. Fram kom að sjúkrasamlögin væru fyrir þá alla, konur og karla, sem væru svo eignalaus eða eignalítill og atvinna þeirra svo mögur, að efnahagur þeirra og sjálfstæði væri í voða ef veikindi bæri að höndum. Að hans mati áttu efnamenn og tekjumiklir menn ekki að vera í sjúkrasamlögum af þeirri ástæðu að þeir urðu ekki hjálparþurfa vegna veikindakostnaðar og að efnaðir menn þyrftu ekki fjárstyrk frá hinu opinbera. Vísaði Guðmundur til þess að í Danmörku hefði mönnum ekki verið leyft að vera í lögskráðum sjúkrasamlögum ef eigur þeirra næmu 5.000 kr. eða meiru.

Fjallaði Guðmundur einnig um ýmis hlunnindi sem sjúkradagpeningum er ætlað að veita, svo sem læknishjálp, lyf, sjúkrahúsvist og að lokum dagpeninga. Um dagpeninga sagði í greininni:

„Margir eru svo fátækir, að þeir komast ekki af, ef þeir falla frá vinnu vikum saman. Þess vegna koma sjúkrasamlög því aðeins að fullu liði, að dagpeningar séu ein grein tryggingarinnar. Eftir þýzkum lögum mega dagpeningar eigi nema minnu en $\frac{1}{2}$ af venjulegum dagtekjum þess, sem sjúkur er.“

Eftir því sem næst verður komist hefur réttur til greiðslu bóta vegna óvinnufærni verið til staðar í íslenskri löggjöf a.m.k. frá setningu laga nr. 50/1946, um almannatryggingar. Í 39. gr. laganna var mælt fyrir um rétt til sjúkrabóta til kvenna og karla á aldrinum 16-67 ára sem urðu fyrir tekjumissi vegna veikinda, ef vinnugeta þeirra var svo skert að viðkomandi gat ekki unnið sér inn sem svaraði a.m.k. $\frac{1}{4}$ meira en sem nam bótaupphæðum laganna. Þá var kveðið á um í 42. gr. laganna að í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem læknar störfuðu, skyldi greiða sjúkrabætur vegna óvinnufærni í a.m.k. 14 daga. Voru bætur greiddar frá og með 11. veikindadegi og í allt að 26 vikur á ári, enda væri viðkomandi ekki greitt kaup á sama tíma. Í 44. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar var kveðið á um greiðslu sjúkradagpeninga ef einstaklingur 16 ára og eldri varð algerlega óvinnufær. Var mælt fyrir um greiðslu dagpeninga frá 11. veikindadegi ef samlagsmaður varð óvinnufær í a.m.k. 14 daga.

Í 38. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar var kveðið á um greiðslu sjúkradagpeninga frá og með 15. veikindadegi m.v. óvinnufærni í a.m.k. 21 dag. Í breytingum á skipulagi á umsjón sjúkratrygginga árið 2007 voru sjúkra- og slysatryggingar færðar frá Tryggingastofnun til nýrrar stofnunar, Sjúkratrygginga

Íslands. Réttur til sjúkradagpeninga er nú í 32. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, en 1. og 2. mgr. ákvæðisins er svohljóðandi:

Sjúkratryggingar greiða sjúkradagpeninga ef sjúkratryggður sem orðinn er 18 ára og nýtur ekki ellilífeyris, örorkulífeyris eða örorkustyrks almannatrygginga verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur falli niður sé um þær að ræða. Sjúkradagpeningar greiðast ekki fyrir sama tímabil og slysadagpeningar samkvæmt slysatryggingum almannatrygginga, né heldur fyrir sama tímabil og greiðslur samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

Sjúkratryggðir njóta sjúkradagpeninga frá og með 15. veikindadegi séu þeir óvinnufærir a.m.k. í 21 dag. Upphaf biðtímans miðast við þann dag sem óvinnufærni er staðfest af lækni. Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en í 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum.

Samkvæmt 8. mgr. 32. gr. skal, við ákvörðun um dagpeninga, að jafnaði miða við það hvernig störfum umsækjanda hefur verið háttað síðustu tvo mánuðina áður en hann varð óvinnufær. Þá setur ráðherra reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, sbr. 12. mgr. 32. gr. laganna, og hefur reglugerð nr. 1025/2008 verið sett um sjúkradagpeninga. Í reglugerðinni kemur fram að fjárhæð sjúkradagpeninga sé 2.535 kr. á dag árið 2025 en að auki greiðist viðbót, 696 kr. á dag, fyrir hvert barn undir 18 ára sem umsækjandi hefur á framfæri sínu.

Í reglugerðinni eru einnig ákvæði um greiðslu sjúkradagpeninga við tilteknar aðstæður. Greiddir eru sjúkradagpeningar í 10 daga vegna fæðingar í heimahúsi, sbr. 9. gr., og þá er heimilt að greiða þeim sem er í áfengis- og vímuefnaðferð á viðurkenndri stofnun allt að helming sjúkradagpeninga á meðan meðferð stendur, þrátt fyrir að skilyrði um launaða vinnu eða fullt starf við eigið heimili séu ekki uppfyllt, sbr. 10. gr. reglugerðarinnar. Skilyrði er að sjúklingur sé inniliggjandi eða á dagdeild, en göngudeildarmeðferð fellur ekki undir skilyrði reglugerðarinnar. Í 11. gr. reglugerðarinnar eru ákvæði um samspil bóta o.fl. nánar útlistuð:

Sjúkradagpeningar greiðast ekki þeim sem nýtur ellilífeyris, örorkulífeyris, þ.m.t. slysaörorkulífeyris, eða örorkustyrks almannatrygginga. Ef ellilífeyrir, örorkulífeyrir eða örorkustyrkur nemur lægri fjárhæð en þeir sjúkradagpeningar sem umsækjandi hefði ella átt rétt á fyrir tiltekið tímabil skal þó greiða dagpeninga sem nemur mismuninum.

Sjúkradagpeningar greiðast ekki fyrir sama tímabil og endurhæfingarlífeyrir, makabætur eða umönnunarbætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

Sjúkradagpeningar greiðast ekki fyrir sama tímabil og slysadagpeningar samkvæmt slysatryggingum almannatrygginga, né heldur fyrir sama tímabil og greiðslur samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. skulu sjúkradagpeningar að jafnaði eigi ákvarðaðir lengra aftur í tímann en tvo mánuði. Þó er heimilt að lengja þetta tímabil í allt

að sex mánuði í tilvikum þar sem bótaréttur er að öðru leyti ótvíræður. Á þetta ákvæði sér samsvörun í 2. mgr. 35. gr. laga um sjúkratryggingar.

3. Hlutverk sjúkradagpeninga í dag

Með vísan til fyrri umfjöllunar er ljóst að upphaflegur tilgangur sjúkradagpeninga var sá að bæta óvinnufærum efnalitlum einstaklingum upp tekjumissi vegna veikinda. Leggja má til grundvallar að við lögfestingu ákvæða um sjúkradagpeninga frá hinu opinbera í löggjöf um almannatryggingar um miðja síðustu öld hafi sjúkradagpeningum verið ætlað að vera tryggja viðtakandanum ákveðið lífsviðurværi á meðan viðkomandi var óvinnufær. Fjárhæð sjúkradagpeninga hafi, a.m.k. fram á áttunda áratug síðustu aldar, verið mun nær framfærsluviðmiðum en hún er í dag, en á þeim árum urðu straumhvörf varðandi réttindi fólks á vinnumarkaði til launa í veikinda- og slysaforföllum.

Í dæmaskyni má nefna að við gildistöku laga nr. 67/1971 var fjárhæð sjúkradagpeninga ákveðin 251 kr. á dag fyrir einstakling sem var fyrirvinna heimilisins (kvæntan mann eða gifta konu) og 221 kr. fyrir aðra. Árið 1971 hafi lægsta vikukaup skv. taxa Dagsbrúnar verið 3.531 kr. og sjúkradagpeningar þannig 1.757 kr. á viku m.v. einstakling í hjúskap, eða um helmingur tekna.

Eins og áður greinir er fjárhæð sjúkradagpeninga 2.535 kr. á dag árið 2025, eða um 76 þús. kr. á mánuði. Mánaðarleg greiðsla sjúkradagpeninga er þannig langt undir lágmarkslaunum, sem í dag eru um 450 þús. kr. skv. kjarasamningum. Mánaðarlegir sjúkradagpeningar eru þannig um 17% af lágmarkslaunum í dag. Til að ná almennum framfærsluviðmiðum þarf óvinnufær einstaklingur að sækja einnig um sjúkradagpeninga hjá stéttarfélagi sínu eða kanna rétt til fjárhagsaðstoðar sveitarfélags síns.

Vinnuhópurinn telur samkvæmt framangreindu ljóst að upphaflegur tilgangur sjúkradagpeninga, þ.e. að bæta tekjumissi vegna óvinnufærni, eigi ekki lengur við nema að litlu leyti. Réttur til launa og annarrar framfærslu vegna óvinnufærni hefur tekið stakkaskiptum síðan ákvæði um sjúkradagpeninga voru leidd í lög hér á landi og mikill meirihluti framfærslutekna byggir á öðrum réttindum en sjúkradagpeningum skv. lögum um sjúkratryggingar. Hið sama eigi við um slysadagpeninga samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga, sem fjallað verður nánar um síðar.

4. Yfirlit yfir sjúkradagpeningagreiðslur einstaklinga

Að mati Sjúkratrygginga má greina þá einstaklinga sem fá greidda sjúkradagpeninga í eftirfarandi hópum:

- Þau sem fá greidda sjúkradagpeninga samhliða greiðslum frá stéttarfélögum. Þetta er langstærsti hópurinn sem um ræðir, en réttindi hjá stéttarfélögum eru mismunandi.
- Þau sem fá greidda sjúkradagpeninga samhliða fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum (eiga ekki rétt á greiðslum úr sjúkrasjóði stéttarfélags).
- Þau sem fá eingöngu greidda sjúkradagpeninga frá Sjúkratryggingum (eiga hvorki rétt á greiðslum frá stéttarfélagi né sveitarfélagi).
- Þau sem eru inniliggjandi vegna áfengis- og vímuefnaeðferðar.
- Þær sem fæða barn í heimahúsi.
- Þau sem störfuðu eingöngu við eigið heimili og eru að fullu ófær um heimilisstörf.

Neðangreind tafla sýnir greiðslur sjúkradagpeninga árin 2023 og 2024. Rúmlega 75% af samþykktum umsóknum voru fullir sjúkradagpeningar og aðrar umsóknir vegna hálfra dagpeninga.

Samtölur sjúkradagpeninga	2023	2024
Heildarupphæð greiðslna	741.116.635	828.925.088
Fjöldi einstaklinga sem fengu greitt	2.412	2.544
Fjöldi einstaklinga sem var synjað	272	232
Fjöldi umsókna sem var frestað eða eru í bið (umbeðin gögn bárust ekki)	406	469

Upplýsingar um greidda daga og greiðslur til hvers einstaklings sem þáði fulla dagpeninga eru eftirfarandi, en dagafjöldi er áætlaður út frá upphæð greiðslna:


Greiddir dagar (per einstakling með fulla dagpeninga)	2023	2024
Meðaltal	101	100
Miðgildi	86	85
Neðri fjórðungsmörk	46	47
Efri fjórðungsmörk	143	140

Heildar upphæð greiðslna (per einstakling með fulla dagpeninga)	2023	2024
Meðaltal	287.642	309.592
Miðgildi	245.278	265.960
Neðri fjórðungsmörk	130.152	145.446
Efri fjórðungsmörk	408.264	434.320

Mánaðarlegar greiðslur sjúkradagpeninga til hvers einstaklings eru misháar eftir því hvort um fulla eða hálfa dagpeninga er að ræða ásamt fjölda barna á framfæri umsækjanda. Dæmi um upphæðir eru eftirfarandi:

Dæmi um mánaðarlega greiðslu	2023	2024
Fullir dagpeningar (2 börn) í 30 daga	104.280	113.400
Fullir dagpeningar (0 börn) í 30 daga	67.320	73.200
Hálfir dagpeningar (2 börn) í 30 daga	70.620	76.800
Hálfir dagpeningar (0 börn) í 30 daga	33.660	36.600

Hlutfall og fjöldi tiltekinna hópa sem þiggja sjúkradagpeninga skiptist með eftirfarandi hætti:



Einstaklingar eftir afgreiðslukóða (SJD)	2023	2024
Launþegar (þ.m.t. atvinnulausir og gr. í afturbata)	2.171	2.360

Námsmenn	21	15
Sjálfstætt starfandi	60	46
Heimavinnandi	7	6
Áfengis- og vímuefnameðferð	93	60
Heimafæðingar	60	57

Framangreindar upplýsingar bera með sér að langstærstur hluti umsækjenda um sjúkradagpeninga hafi verið launþegar, sem eigi flestir rétt á greiðslu 80% launa úr sjúkrasjóði síns stéttarfélags almennt í 3-6 mánuði. Stéttarfélög benda óvinnufærum einstaklingum á rétt til sjúkradagpeninga frá Sjúkratryggingum sem bæta þá upp hluta af framfærslu þessa hóps. Sjúkratryggingar áætla að þrír af hverjum fjórum sem sækja um sjúkradagpeninga hjá stofnuninni fái greitt úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga, en tímabil eru mislöng. Sumir einstaklingar eiga takmarkaðan rétt til greiðslna úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga, t.d. vegna skamms vinnutímabils fyrir veikindi. Í einhverjum tilvikum kann því réttur til greiðslna frá stéttarfélagi að renna út en viðkomandi getur átt áfram rétt á sjúkradagpeningum frá Sjúkratryggingum

Greiðslur sjúkradagpeninga vegna áfengis- og vímuefnameðferðar, til námsmanna, vegna heimafæðingar, til heimavinnandi og áður sjálfstætt starfandi einstaklinga eru samtals um 10% af greiddum sjúkradagpeningum.

Í kerfum Sjúkratrygginga er haldið utan um svonefnda ICD (International Classification of Diseases) kóða, þ.e. hvers konar veikindi það eru sem valda óvinnufærni og rétt til sjúkradagpeninga. Tekið er fram að réttur til sjúkradagpeninga er óháður því hvers konar veikindi um er að ræða. Mörg læknisvottorð hafa einungis að geyma einn kóða meðan önnur vottorð kunna að hafa margar sjúkdómsgreiningar. Sjúkratryggingar greiddu út sjúkradagpeninga á grundvelli 3.370 vottorða árið 2024 en á þeim voru 767 mismunandi kóðar tilgreindir sem fyrsta sjúkdómsgreining. Upplýsingar frá Sjúkratryggingum sýna að flestir eru óvinnufærir vegna kvíða- og/eða þunglyndis og annarra geðraskana. Flest vottorðin eru vegna „anxiety disorder“, eða 142, og næst flest vegna „mixed anxiety and depressive disorder“, eða 131. Þá eru yfir 100 vottorð sem tengjast stressi annars vegar og fíknivanda hins vegar.

5. Slysadagpeningar skv. lögum um slysatryggingar almannatrygginga

Lög nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga hafa það að markmiði að tryggja slysatryggðum bætur frá almannatryggingum vegna vinnuslysa eða annarra tiltekinna slysa og atvinnusjúkdóma, óháð tekjum hins slysatryggða. Slysatryggingar almannatrygginga taka m.a. til slysa við vinnu, björgunarstörf, heimilisstörf, iðnnám og íþróttæfingar. Slysatryggðir samkvæmt lögnum eru t.a.m. launþegar sem starfa hér á landi og íþróttafólk.

Í bókinni *Almannatryggingar og félagsleg aðstoð*¹ kemur fram að farið hafi verið að greiða dagpeninga vegna bótaskyldra slysa á grundvelli laga nr. 44/1925. Í undirbúningsgögnum laganna komi fram að ástæða hafi þótt til að bæta úr ríkjandi ástandi þar sem eldri reglur bættu aðeins slys sem ollu dauða eða örkumlun sem hefðu í för með sér óvinnufærni eða verulega skerta vinnufærni. Engar bætur greiddust hins vegar ef hinn slasaði næði sér, jafnvel þó slysið ylli langvarandi sjúkleika. Heimild til þess að greiða vinnuveitanda dagpeninga, þegar laun eru greidd í veikindaforföllum, verður rakin til laga nr. 40/1963. Kemur fram að á þeim tíma hafi verið komnar fram breyttar áherslur varðandi ábyrgð atvinnurekenda í veikindum starfsfólks.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 45/2015 greiðast slysadagpeningar frá og með 8. degi eftir að slys varð, enda hafi hinn slasaði verið óvinnufær í minnst 10 daga. Dagpeningar greiðast þar til hinn slasaði verður vinnufær eða hann deyr, þó ekki lengur en 52 vikur. Á þessu tímabili greiðast slysadagpeningar til vinnuveitanda á meðan laun eru greidd í veikindum, en til slasaða eftir að launaréttur er fallinn niður. Í 14. gr. laganna er kveðið á um að slysadagpeningar greiðist ekki fyrir sama tímabil og sjúkradagpeningar samkvæmt lögum um sjúkratryggingar. Um er að ræða greiðslur sem hafa ekki sætt sérstakri endurskoðun um langt skeið. Var t.a.m. kveðið á um í 1. mgr. 33. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, að dagpeningar skyldu greiðast frá og með 8. degi eftir að slys varð, enda hefði hinn slasaði verið óvinnufær í a.m.k. 10 daga. Sömu sjónarmið eiga við um upphæðir slysadagpeninga og þegar eru rakin um sjúkradagpeninga. Upphæðir eru lítið eitt hærri, en samkvæmt reglugerð nr. 1613/2024 um fjárhæðir bóta slysatrygginga fyrir árið 2025 er upphæðin kr. 3.090 á dag og kr. 693 fyrir barn á framfæri. Ekki er um að ræða upphæð sem stendur undir framfærslu vegna óvinnufærni.

¹ Almannatryggingar og félagsleg aðstoð (2007) e. Guðmund Sigurðsson og Ragnhildi Helgadóttur, sjá umfjöllun á bls. 228-231

Greiðslur slysadagpeninga voru eftirfarandi árið 2023 og 2024:

Samtölur slysadagpeninga	2023	2024
Heildar upphæð greiðslna	127.337.527	145.522.456
Fjöldi greiðsluþega	488	489
Meðaltal per greiðsluþega	260.937	297.591

Ljóst er að töluvert færri fá greidda slysadagpeninga en sjúkradagpeninga, enda réttur til slysadagpeninga bundinn við að slys, sem er bótaskyldt samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga og gerir fólk líkamlega óhæft til að sinna starfi sínu. Sjúkradagpeningar eru hins vegar í flestum tilvikum greiddir til fólks sem verður óvinnufært vegna veikinda eða slysa sem ekki eru bótaskyld. Samkvæmt því sem fram kemur að ofan er það oftast vegna geðræns heilsubreysts. Slysadagpeningar veita rétt til örlítið hærri greiðslna en sjúkradagpeningar og biðtími eftir greiðslum frá því óvinnufærni hefst er heldur styttri, eða 8 dagar í stað 21. Að öðru leyti eru skilyrði þessara tveggja greiðsluflokka sambærileg og afla þarf svipaðra gagna og staðfestinga á óvinnufærni fyrir báða greiðsluflokkana.

Í neðangreindri töflu eru yfirlit yfir greiðslur slysadagpeninga eftir afgreiðslukóða árin 2023 og 2024:

Heildar greiðslur eftir afgreiðslukóða (slys)	2023	2024
Greiðslur til atvinnurekenda	70.735.840	81.637.896
Greiðslur til einstaklinga	56.601.687	63.957.303

Móttakendur eftir afgreiðslukóða (slys)*	2023	2024
Fjöldi greiðslna til atvinnurekenda	404	399
Fjöldi greiðslna til einstaklinga	185	183

*Tölur hér stemma ekki alveg við fjölda greiðsluþega því einhverjir fengu fleiri en eina greiðslu

6. Almennt um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur

Með gildistöku laga nr. 104/2024 þann 1. september 2025 koma til framkvæmdar nýjar greiðslur, sjúkra- og endurhæfingargreiðslur, sem ætlað er að koma í stað núgildandi endurhæfingarlífeyris á meðan á viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu stendur, beðið er eftir slíkri þjónustu eða þegar heilsubrestur kemur í veg fyrir að einstaklingur geti nýtt sér slíka þjónustu. Kveðið er á um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í lögunum með eftirfarandi hætti:

Heimilt er að greiða sjúkra- og endurhæfingargreiðslur þegar einstaklingur, sem býr við langvarandi eða alvarlegan heilsubrest eða fötlun, sem talinn er geta haft áhrif til frambúðar á getu hans til virkni á vinnumarkaði, fær viðurkennda meðferð eða tekur virkan þátt í endurhæfingu með það að markmiði að stuðla að aukinni færni til atvinnuþátttöku að fullu eða að hluta. Forsenda fyrir greiðslum er að heilsubrestur einstaklings sé afleiðing af sjúkdómi, slysi eða áfalli og skal við það miðað að heilsubrestur eða fötlun valdi því að hlutaðeigandi einstaklingur geti hvorki stundað vinnu né nám. Heimilt er þó að líta á þátttöku á vinnumarkaði eða í námi sem lið í endurhæfingu eða viðurkenndri meðferð að því tilskildu að atvinnuþátttakan eða námið þjóni markmiði viðurkenndrar meðferðar eða endurhæfingar samkvæmt fyrirbyggjandi endurhæfingaráætlun.

Skilyrði greiðslna er að fyrir liggi endurhæfingaráætlun eða staðfesting á viðurkenndri meðferð sem styður við markmið skv. 1. mgr. frá þeim þjónustuaðila sem veitir einstaklingi þjónustu eða í umboði þjónustuaðilans. Sá þjónustuaðili sem veitir einstaklingi þjónustu skal tryggja að áætlunin taki mið af þörfum einstaklings hverju sinni í tengslum við endurhæfingu hans. Endurhæfingaráætlun getur verið heilbrigðistengd, starfstengd eða samsett af hvoru tveggja.

Þrátt fyrir skilyrði 1. mgr. um þátttöku einstaklings í viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu er heimilt að greiða sjúkra- og endurhæfingargreiðslur þegar viðkomandi bíður eftir því að fá meðferð eða að endurhæfing hefjist. Sama á við komi heilsubrestur viðkomandi í veg fyrir að fyrirhuguð meðferð eða endurhæfing geti hafist. Skilyrði er að fyrir liggi staðfesting frá þeim þjónustuaðila sem veitir einstaklingi þjónustu um að viðkomandi verði talinn fær um að hefja eða komist að í viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu innan nánar tiltekins tíma. Skal Tryggingastofnun reglubundið, og ekki sjaldnar en á sex mánaða fresti, fara yfir stöðu máls viðkomandi og eftir atvikum óska frekari upplýsinga.

Lögin kveða einnig á um að umsækjandi um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur skuli vera 18 ára eða eldri og ekki hafa náð ellilífeyrisaldri, ásamt því að hafa verið tryggður í 12 mánuði áður en til greiðslna getur komið. Skilyrði fyrir

greiðslum er að umsækjandi eigi ekki rétt eða hafi fullnýtt rétt sinn til launa í forföllum vegna veikinda samkvæmt kjarasamningum eða ráðningarsamningi og greiðslna úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga. Heimilt er að greiða sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í allt að 60 mánuði en þó að hámarki í 12 mánuði í senn. Þegar um er að ræða bið eftir úrræðum eða heilsubrestur kemur í veg fyrir að viðkomandi geti tekið þátt í endurhæfingu eða meðferð er einungis heimilt að samþykkja sex mánuði í senn. Fullar sjúkra- og endurhæfingargreiðslur á árinu 2025, frá og með 1. september, eru 4.756.080 kr. á ári (396.340 kr. á mánuði í samræmi við fjárhæð örorkulífeyris). Fjárhæðin lækkar um 45% af eigin tekjum greiðsluþega umfram frítekjumörk uns greiðslur falla niður.

Í athugasemdum við frumvarp er varð að lögum nr. 104/2024 segir m.a. um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur að um sé að ræða greiðslur vegna heilsubrests sem sé afleiðing af sjúkdómi, slysi eða áfalli. Greiðslurnar séu í eðli sínu sjúkrabætur en ekki lífeyrisgreiðslur og teljist því ekki til örorkulífeyriskerfis almannatrygginga. Greiðslurnar séu aðstoð vegna veikinda, þ.e. tímabundnar greiðslur sem ætlaðar eru til framfærslu á meðan einstaklingar fá meðferð eða tækifæri til að auka færni sína til atvinnuþátttöku eftir heilsubrest sem stafar af afleiðingum sjúkdóma, slysa eða áfalla. Segir að með breytingunni sé verið að koma til móts við þá gagnrýni sem gildandi kerfi sætir um að fólk fái ekki greiddan endurhæfingarlífeyri á biðtíma eftir þjónustu eða þegar það er of veikt fyrir endurhæfingu en sá tími getur valdið óhjákvæmilegum kvíða sem aftur hefur neikvæð áhrif á batahorfur. Með því að tryggja samfellu sjúkra- og endurhæfingargreiðslna á öllu framangreindu tímabili og þar með stuðla að ákveðnu öryggi hvað framfærslu varðar er talið að auka megi líkur á að árangur þeirrar þjónustu sem verið er að veita náist. Þykir það bæði einstaklingum og samfélaginu til hagsbóta til lengri tíma en til þess verður að líta að það getur verið kostnaðarsamt fyrir samfélagið að greiða fyrir þjónustu sem skilar ekki tilætluðum árangri þar sem hún er veitt of snemma.

Tilgangur greiðslnanna sé að styrkja enn betur framfærslugrundvöll þeirra sem taka virkan þátt í endurhæfingu eða fá meðferð við langvarandi eða alvarlegum heilsubresti sem talinn er geta haft áhrif til frambúðar á getu viðkomandi til virkni á vinnumarkaði. Greiðslurnar stuðli þannig að því markmiði að viðkomandi öðlist aukna færni til atvinnuþátttöku að fullu eða hluta. Í skýringum við ákvæðið kemur fram að gengið sé út frá því að viðurkennd endurhæfingarmeðferð verði staðfest af lækni eða öðrum þar til bærum heilbrigðisstarfsmanni en endurhæfingaráætlanir þurfi að felast í veitingu heilbrigðisþjónustu, starfstengdri endurhæfingu eða blöndu af því tvennu. Á biðtíma eftir meðferð eða endurhæfingu er heimilt að greiða sjúkra- og endurhæfingargreiðslur, en við þær aðstæður þygi nauðsynlegt að einstaklingur verði ekki án framfærslu á biðtímanum. Sama á við þegar heilsubrestur einstaklings kemur í veg fyrir að hann geti hafið viðurkennda meðferð eða endurhæfingu.

7. Samspil sjúkra- og slysdagpeninga og sjúkra- og endurhæfingargreiðslna

Í dag felur samspilið á milli sjúkradagpeninga frá Sjúkratryggingum og endurhæfingarlífeyris frá Tryggingastofnun samkvæmt 7. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, í sér að sjúkradagpeningar eru ekki greiddir fyrir sama tímabil og endurhæfingarlífeyrir. Þegar sjúkra- og endurhæfingargreiðslur leysa endurhæfingarlífeyri af hólmi þann 1. september nk. mun reglan að óbreyttu verða sú að sjúkradagpeningar teljist til tekna, sbr. 56. gr. laga um almannatryggingar. Það er til þess fallið að hafa áhrif á framfærslu viðtakenda sem nemur fjárhæð dagpeninganna að teknu tilliti til frítekjumarka og tekjutengingar samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Helstu atriði er varða samspil sjúkradagpeninga annars vegar og sjúkra- og endurhæfingargreiðslna hins vegar eru eftirfarandi:

- Grunnskilyrði: Grunnforsendur fyrir greiðslum eru að mestu leyti þær sömu, þ.e. óvinnufærni.
- Upphaf greiðslna: Sjúkradagpeningar greiðast frá og með 15. veikindadegi (m.v. a.m.k. 21 dags óvinnufærni) á meðan sjúkra- og endurhæfingargreiðslur greiðast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að áunnum veikindarétti frá sjúkrasjóði eða atvinnurekanda er lokið, þegar fyrir liggur staðfesting á því að sótt hafi verið um meðferð eða endurhæfingarárræði, einstaklingur hefur hafið endurhæfingu eða viðurkennda meðferð eða þegar staðfest er að einstaklingur sé óvinnufær vegna heilsubrests.
- Samspil við sjúkrasjóði: Sjúkradagpeningar greiðast samhliða greiðslum úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga á meðan það verður skilyrði fyrir sjúkra- og endurhæfingargreiðslum að viðkomandi eigi ekki rétt eða hafi fullnýtt rétt sinn til launa í forföllum vegna veikinda samkvæmt kjarasamningi/ráðningarsamningi og greiðslna úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga.
- Greiðslutímabil: Sjúkradagpeningar eru greiddir í samtals 52 vikur að hámarki á 24 mánaða tímabili. Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur er heimilt að greiða í allt að 60 mánuði en þó að hámarki 12 mánuði í senn, nema þegar um er að ræða bið eftir endurhæfingu eða meðferð og þegar heilsubrestur kemur í veg fyrir að einstaklingur geti hafið meðferð eða endurhæfingu en þá er heimilt að samþykkja allt að sex mánuði í senn. Heimild er til að framlengja um allt að 24 mánuði í sérstökum tilvikum.

- Greiðslur til einstakra hópa
 - Sjálfstætt starfandi einstaklingar: Munu eiga rétt á sjúkra- og endurhæfingargreiðslum.
 - Heimavinnandi: Munu eiga rétt á sjúkra- og endurhæfingargreiðslum.
 - Ungmennni: Heimilt er að greiða 16-17 ára sjúkradagpeninga en réttur til sjúkra- og endurhæfingargreiðslna er bundinn við 18 ára og eldri.
 - Fólk í hlutastarfi: Ákvæði er um greiðslu sjúkradagpeninga sem taka mið af starfshlutfalli. Réttur til sjúkra- og endurhæfingargreiðslna er óháður starfshlutfalli en meginreglan er sú að rétturinn sé bundinn við algjöra óvinnufærni.
 - Námsmenn: Eiga rétt á sjúkradagpeningum í ákveðnum tilfellum. Ástundun náms kemur ekki í veg fyrir sjúkra- og endurhæfingargreiðslur en er háð tilteknum þröngum skilyrðum.
 - Áfengis- og vímuefnaðferð: Eiga rétt á sjúkradagpeningum á meðan meðferð fer fram á stofnun (inniliggjandi eða á göngudeild). Réttur þessa hóps (sem á við fíknivanda að etja) til sjúkra- og endurhæfingargreiðslna er háður skilyrðum um þátttöku í meðferð og/eða endurhæfingu sem hefur að markmiði að auka færni til atvinnuþátttöku. Þessi skilyrði verða nánar útfærð í reglugerð sem sett verður á grundvelli þeirra laga sem taka munu gildi þann 1. september n.k.
 - Heima-fæðingar: Sjúkradagpeningar greiddir í 10 daga frá fæðingu. Þessi hópur mun að öllum líkindum ekki eiga rétt á sjúkra- og endurhæfingargreiðslum þ.e. þegar óvinnufærni er eingöngu vegna fæðingar.

Í fylgiskjali með skýrslunni er gerð ítarlegri grein fyrir samspili sjúkradagpeninga og sjúkra- og endurhæfingargreiðslna sem og áhrifum þess ef sjúkradagpeningar yrðu felldir niður.

Eftir gildistöku laga nr. 108/2021, sem tóku gildi 1. janúar 2022, greiðast slysadagpeningar samhliða endurhæfingarlífeyri og munu greiðast samhliða sjúkra- og endurhæfingargreiðslum frá gildistöku laga nr. 104/2024 þann 1. september 2025. Slysadagpeningar teljast til tekna við útreikning greiðslnanna.

8. Greining á valkostum

a. Fella sjúkra- og slysadagpeninga niður án þess að taka upp nýjar greiðslur í staðinn

Það sem helst styður við þann valkost að afnema sjúkra- og slysadagpeninga er að sjónarmiðin á bakvið sjúkra- og slysadagpeningakerfið, sem miðaði upphaflega að því að tryggja fátækum framfærslu vegna óvinnufærni þar sem enginn annar réttur var til staðar, eiga ekki við í dag nema að takmörkuðu leyti. Áratugir eru síðan straumhvörf urðu í framfærslutengdum réttindum einstaklinga vegna óvinnufærni, svo sem veikindaréttar á fullum launum og greiðslna úr sjúkrasjóði stéttarfélags, sem standa straum af allri eða stærstum hluta af framfærslu meðan á óvinnufærni stendur. Eigi óvinnufær einstaklingur ekki rétt á greiðslum frá stéttarfélagi og tekjur verða engar á viðkomandi almennt rétt á félagslegri aðstoð sveitarfélaga. Færa má rök fyrir því að ekki sé lengur réttlætanlegt að hið opinbera haldi úti flókinni og umfangsmikilli umsýslu, sem hefur það að markmiði að styðja við alla óvinnufæra einstaklinga óháð tekjum, þegar greiðslurnar eru takmarkaður hluti af framfærslu óvinnufærra einstaklinga. Mæla sjónarmið um skilvirkni og hagkvæma nýtingu starfskrafta hins opinbera með því að draga úr umsýslu vegna sjúkra- og slysadagpeninga.

Nauðsynlegt er að benda á að niðurfelling ákvæða um slysadagpeninga úr lögum hefði áhrif hjá atvinnurekendum í landinu, þar sem atvinnurekandi fær slysadagpeninga í þeim tilvikum sem laun eru greidd í veikindarétti. Til þess þarf þó að líta að ekki er um hátt hlutfall launa að ræða og þannig óveruleg bót fyrir greiðslu launa í veikindum. Í því sambandi má einnig benda á að réttur launagreiðanda til sjúkradagpeninga var felldur úr lögum árið 1996, að því er virðist í sparnaðarskyni.²

Í frumvarpi til laga nr. 104/2024 kemur fram að sjúkra- og endurhæfingargreiðslur séu í eðli sínu sjúkrabætur en ekki lífeyrisgreiðslur og teljist því ekki til örorkulífeyriskerfis almannatrygginga. Greiðslurnar séu aðstoð vegna veikinda, þ.e. tímabundnar greiðslur sem ætlaðar eru til framfærslu á meðan einstaklingar fá meðferð eða tækifæri til að auka færni sína til atvinnuþátttöku eftir heilsubrest sem er afleiðing sjúkdóma, slysa eða áfalla. Í ljósi þessa og fjárhæðar greiðslnanna, sem eru að hámarki 4.756.080 kr. á ársgrundvelli miðað við árið 2025, er um að ræða raunverulega framfærslu af hálfu hins opinbera meðan á endurhæfingu, eða bið eftir endurhæfingu stendur. Fram að því nýti óvinnufær einstaklingur almennan veikindarétt,

² Sjá umfjöllun í frumvarpi [306/120 stjórnarfrumvarp: ráðstafanir í ríkisfjármálum](#) sem varð að lögum nr. 144/1995 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996. Fjallað er um niðurfellingu sjúkradagpeninga til vinnuveitanda í 34. gr. frumvarpsins.

kjarasamningsbundin réttindi sín til greiðslna úr sjúkrasjóði stéttarfélaga eða eftir atvikum greiðslna frá félagsþjónustu sveitarfélaga.

Það sem mælir helst gegn því að fella brott rétt til sjúkra- og slysadagpeninga úr lögum, án þess að að í staðinn komi ný réttindi önnur en sjúkra- og endurhæfingargreiðslur, er að breytingin hefði hlutfallslega meiri áhrif á láglæunafólk þar sem sjúkradagpeningar eru stærri hluti af framfærslu þeirra vegna óvinnufærni en þeirra tekjuhærri. Þessi hópur myndi finna fyrir áhrifum á tímabilinu sem þeir fá greiðslur frá sjúkrasjóðum og uppfylla þannig ekki skilyrði fyrir sjúkra- og endurhæfingargreiðslum. Þau sem eru tekjulág og fá 80% launa tímabundið frá sjúkrasjóði stéttarfélags missa hlutfallslega mest miðað við aðra hópa, ef sjúkradagpeningar yrðu lagðir niður. Þessi hópur er talsvert fjölmennur. Eins og áður segir eru sjúkdagpeningar fyrir einstakling um 76 þús. kr. á mánuði og um 21 þús. kr. fyrir hvert barn á framfæri. Fyrir einstakling með tvö börn á framfæri nema greiðslurnar þannig um 116 þús. kr. á mánuði, sem getur skipt verulegu máli fyrir tekjulága einstaklinga umfram þær greiðslur sem viðkomandi fær úr sjúkrasjóði stéttarfélags síns.

b. Færa sjúkra- og slysadagpeninga í meginatriðum yfir í nýjan greiðsluflokk (sjúkrastyrkur)

Annar valkostur felur í sér yfirfærslu á greiðslurétti til sjúkra- og slysadagpeninga frá Sjúkratryggingum með þeirri breytingu að gert verði ráð fyrir hliðstæðum rétti í nýjum greiðsluflokki hjá Tryggingastofnun. Þessi leið hefur þann kost að með henni yrði tryggt að staða þeirra hópa, sem um ræðir og greindir eru hér að framan, versni ekki samhliða kerfisbreytingum.

Gallinn við þennan valkost er á hinn bóginn að með nýjum greiðsluflokki verður tækifærið ekki nýtt til þess að einfalda kerfið gagnvart notendum. Á móti kemur ættu að vera tækifæri til að einfalda greiðsluflokkinn í framkvæmd hjá Tryggingastofnun, bæði hvað varðar skilyrði fyrir greiðslum sem og samlegð með annarri gagnaöflun frá notendum. Í því myndi einnig felast að hluti þeirra hópa sem um ræðir væri þá eingöngu í samskiptum við eina stofnun en ekki tvær.

Verði þessi kostur valinn þarf að skilgreina markmið greiðslnanna og hvert þær sæki sína lagastoð. Þar virðist koma sterklega til álita að greiðsluflokknum verði fundinn staður í lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð. Rök fyrir því eru þau að í núverandi framkvæmd hjá Sjúkratryggingum er töluvert samspil gagnvart greiðslum frá félagsþjónustu sveitarfélaga. Þar sem löginn um félagslega aðstoð mæla í raun fyrir um verkaskiptingu milli ríkisaðila og félagsþjónustu sveitarfélaga væri eðlilegt að kveða á um þessa fjárhagslegu aðstoð af hálfu ríkisins í þeim lögum.

Í þessu fælist jafnframt að greiðslurnar yrðu ekki skilgreindar sem viðbót eða ábót á greiðslur skv. almannatryggingatryggingum (top-up) heldur sem bætur vegna óvinnufærni af völdum sjúkdóms eða slyss. Þar sem hugtökin sjúkrabætur og slysabætur eru notuð í þeirri stoð kerfisins sem snýr að

vinnumarkaðinum er eðlilegt að finna greiðsluflokknum annað heiti. Með vísan til umfjöllunar á vettvangi hópsins kann heitið sjúkrastyrkur að vera heppilegt til þess að lýsa inntaki aðstoðarinnar.

Þannig verði um að ræða ákveðna grunngreiðslu sem hafi rýmri skilyrði en sjúkra- og endurhæfingargreiðslur og komi þar af leiðandi frammar í röðinni en sá greiðsluflokkur. Fyrst og fremst séu bótasjónarmið³ lögð til grundvallar slíkum sjúkrastyrk og er það í samræmi við megininntak laga um félagslega aðstoð. Sjúkrastyrk sé hins vegar ekki ætlað að tryggja framfærslu eða vera uppbætur vegna kostnaðar eða einstaklingsbundinna útgjalda.

c. Viðbót við sjúkra- og endurhæfingargreiðslur (styrkur)

Þriðji valkosturinn er að fella brott sjúkra- og slysadagpeninga og láta lög um almannatryggingar mæla fyrir um styrk til allra þeirra sem uppfylla almenn skilyrði fyrir sjúkra- og endurhæfingargreiðslum en þiggja á sama tíma greiðslur úr sjúkrasjóði stéttarfélags. Þannig væri komið til móts við brottfall sjúkra- og slysadagpeninga með því að bæta langstærstum hluta þeirra sem eiga rétt á sjúkra- og slysadagpeningum (launþegar) vegna þeirrar tekjuskerðingar sem leiðir af greiðslum úr sjúkrasjóði stéttarfélags. Með þessu móti er talið að umsýsla í kringum greiðslurnar væru einnig verulega minni en nú gildir um sjúkradagpeninga þar sem skilyrðin fyrir styrknum væru þau sömu og gildir almennt um rétt til þess að fá sjúkra- og endurhæfingargreiðslur.

d. Auknar sjúkra- og endurhæfingargreiðslur til tekjulágra einstaklinga

Fjórdi valkosturinn væri að gera breytingar á heimildum til greiðslu sjúkra- og endurhæfingargreiðslna þannig að þær væru heimilar samhliða greiðslu sjúkrastyrkja stéttarfélaga. Mögulegt væri að láta greiðslur úr sjúkrasjóði dragast frá mánaðarlegum sjúkra- og endurhæfingargreiðslum (4.756.080 kr. / 12 mánuði = 396.340 kr.). Umsækjandi myndi þannig fá greiddan mismun af sjúkra- og endurhæfingargreiðslum eins og þær eru ákveðnar hverju sinni og greiðslum úr sjúkrasjóði stéttarfélags. Þessi leið myndi tryggja þeim hópi lágttekjufólks, sem fær lægri greiðslur en 396.340 kr. á mánuði frá sjúkrasjóði stéttarfélags síns, rétt á hlutfallslegum sjúkra- og endurhæfingargreiðslum þannig að framfærslutekjur vegna óvinnufærni séu til jafns við fullar sjúkra- og endurhæfingargreiðslur. Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur gætu t.a.m. numið að hámarki 100.000 kr. mánaðarlega á því tímabili sem viðkomandi fær greiðslur úr sjúkrasjóði stéttarfélags.

³ Bótasjónarmiðið er kennt við „kompensation“ í norrænu samhengi. Í Danmörku er rætt um bætur sem „godtgørelse“ með þeirri opinberu skilgreiningu að um sé að ræða „pengebeløb der gives som økonomisk kompensation for udgift, ikke-måleligt tab eller andre forhold hvis værdi er blevet gjort op fx som konsekvens af lovgivning...“ Þessa skilgreiningu má heimfæra upp á þann valkost sem hér er til umræðu, þ.e. að sjúkrastyrk sé ætlað að bæta hlutaðeigandi hópum það „tap“ sem ella yrði ef sjúkradagpeningar yrðu felldir niður með lagabreytingu.

Dæmi: Einstaklingur með 400.000 kr. í mánaðartekjur verður óvinnufær. Eftir að veikindarétti á fullum launum lýkur fær viðkomandi greiddar 320.000 kr. frá sjúkrasjóði stéttarfélags (80% af fullum launum). Viðkomandi ætti þá rétt á 76.340 kr. sjúkra- og endurhæfingargreiðslum á mánuði þar til greiðslur úr sjúkrasjóði hafa verið fullnýttar.

Kostnaðurinn við þennan valkost yrði að öllum líkindum lægri en við valkost í c-lið en krefðist meiri umsýslu og útreiknings vegna áhrifa tekna.

9. Tillögur vinnuhópsins

Með vísan til framangreinds leggur vinnuhópurinn til að réttur til sjúkradagpeninga verði felldur brott úr lögum um sjúkratryggingar og að réttur til slysadagpeninga verði felldur brott úr lögum um slysatryggingar almannatrygginga. Breytingin fæli í sér að allir þeir, sem í dag eiga rétt á sjúkra- og slysadagpeningum, yrðu af þeim greiðslum. Eins og rakið er að framan eru launþegar, sem fá greitt frá stéttarfélögum samhliða dagpeningum, langstærsti hópurinn eða um og yfir 90% af þeim sem fá greidda sjúkradagpeninga. Aðrir hópar (þá heimaþæðing, vímuefnaþæðing, námsmenn, heimavinnandi og sjálfstætt starfandi einstaklingar) eru fámennir.

Hópurinn telur æskilegt að fara þá leið sem lýst er í b-lið 8. kafla, þ.e. að nýr greiðsluflokkur verði tekinn upp í lögum um félagslega aðstoð til að bæta að einhverju eða öllu leyti þann tekjumissi sem brottfall sjúkra- og slysadagpeninga hefði í för með sér fyrir þá einstaklinga sem verða óvinnufærir. Greiðsluflokkinn væri hægt að útfæra með ýmsum hætti en ríkt tilefni er til, í þágu þeirra einstaklinga sem verða óvinnufærir og aukinnar skilvirkni stjórnsýslunnar, að einfalda umsýslu og skilyrði miðað við það sem nú tíðkast við afgreiðslu umsókna um sjúkra- og slysadagpeninga. Greiðslurnar gætu t.a.m. numið tiltekinni fjárhæð mánaðarlega í stað daglega og bundnar við óvinnufærni í tiltekinn tíma sem staðfest hefur verið af lækni, hvort sem óvinnufærni stafar af slysi eða veikindum. Líklegt þykir að sjúkra- og endurhæfingargreiðslur verði þó meginframlag hins opinbera til einstaklinga sem eru óvinnufærir. Þá leggur hópurinn jafnframt til að greiðslur til vinnuveitanda verði lagðar af, sbr. nú 5. mgr. 11. gr. laga um slysatryggingar almannatrygginga og einungis verði greitt til óvinnufærra einstaklinga.

Fylgiskjal I

Hér að neðan er greining á forsendum og skilyrðum umræddra greiðsluflokka niður á einstaka hópa og **áhrif metin ef sjúkradagpeningar yrðu felldir niður**. Það athugast að samspil er einnig fyrir hendi við slysdagpeninga Sjúkratrygginga.

1. Grunnskilyrði tryggingaverndar

- a. Ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1025/2008, um sjúkradagpeninga:

Sjúkratryggður er sá sem er búsettur á Íslandi og hefur verið það a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta er óskað úr sjúkratryggingum að uppfylltum öðrum skilyrðum laga um sjúkratryggingar, nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 10. gr. laga um sjúkratryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi laga um lögheimili og aðsetur, nr., 80/2018. Bent er á að samkvæmt frumvarpi sem lagt verður fram á yfirstandandi löggjafarþingi, um ýmsar breytingar á lögum um sjúkratryggingar, er lagt til að biðtími eftir sjúkratryggingu verði stytur úr sex mánuðum í þrjá.

- b. Ákvæði 4. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar, sbr. lög nr. 104/2024:

Umsækjandi um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur skal [...] vera tryggður hér á landi, sbr. I. kafla, og hafa verið tryggður hér á landi a.m.k. 12 síðustu mánuðina áður en til greiðslna getur komið, nema annað leiði af milliríkjasamningum, þar með talið EES-samningnum. Í því felst að hægt að nýta tímabil á EES-svæðinu til að stytta biðtímann. Fyrir einstaklinga af EES-svæðinu sem fá heimild til lögheimilisskráningar er biðtíminn enginn.

- **Áhrif:** Tímabil grunnskilyrðis er sex mánuðum lengra í tilvikum sjúkra- og endurhæfingargreiðslna. Það þýðir að einstaklingar gætu þurft að reiða sig á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga yfir lengra tímabil en ella. Þetta á við um þá einstaklinga sem eru nýlega fluttir til landsins frá ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem þeir geta ekki nýtt sér samlagningu tryggingatímabíla.

2. Forsendur fyrir greiðslum

- a. Ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1025/2008:

Að sjúkratryggður verði algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður launaða vinnu eða fullt starf við eigið heimili og launatekjur falli niður að fullu, sé um þær að ræða. Með launaðri vinnu er átt við alla vinnu að beinni tekjuöflun, jafnt atvinnurekanda sem launþega.

- b. Ákvæði 1. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar, sbr. lög nr. 104/2024:

Að heilsubrestur einstaklings sé afleiðing af sjúkdómi, slysi eða áfalli og skal við það miðað að heilsubrestur eða fötlun valdi því að hlutaðeigandi einstaklingur geti hvorki stundað vinnu né nám.

- **Áhrif:** Sama grunnforsenda er um óvinnufærni, þó ekki alger, en tekjufall verður ekki forsenda fyrir sjúkra- og endurhæfingargreiðslum. Athuga einnig að í einhverjum tilvikum taka Sjúkratryggingar ákvörðun um að víkja frá skilyrði um algera óvinnufærni (sjúkradagpeningar í afturbata).

3. Biðtími eftir greiðslum

- a. Ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 1025/2008:

Sjúkratryggðir eiga rétt á sjúkradagpeningum frá og með 15. veikindadegi séu þeir óvinnufærir a.m.k. í 21 dag. Upphaf biðtímans miðast við þann dag sem óvinnufærni er staðfest af lækni.

- b. Ákvæði 1. mgr. 32. gr. laga um almannatryggingar:

Réttur til greiðslna samkvæmt lögum þessum stofnast frá og með þeim degi er umsækjandi telst uppfylla skilyrði til greiðslna og skulu greiðslur reiknaðar frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að greiðsluréttur er fyrir hendi.

- **Áhrif:** Í tilviki sjúkradagpeninga afmarkast biðtími af einu skilyrði (óvinnufærni) en skilyrðin eru tvö varðandi sjúkra- og endurhæfingargreiðslur: (1) heilsubrestur (sem veldur óvinnufærni) og (2) staðfesting um að viðkomandi verði talinn fær um að hefja eða komist að í viðurkennda meðferð eða endurhæfingu innan nánar tiltekins tíma. Biðtími eftir greiðslum kann því að vera lengri í tilviki sjúkra- og endurhæfingargreiðslna, en tekið er fram að ekki er gert ráð fyrir þeim greiðslum vegna tilfallandi veikinda sem standa yfir í tiltölulega skamman tíma, svo sem kvefs eða Inflúensu. Á hinn bóginn er líklegt að flestir hafi enn laun í veikindaleyfi eða greiðslur frá sjúkrasjóðum stéttarfélaga þar til skilyrði fyrir sjúkra- og endurhæfingargreiðslum eru uppfyllt. Ekki kemur því til greiðslna nema í þeim tilvikum að langvarandi eða alvarlegur heilsubrestur leiði til þess að hlutaðeigandi verði óvinnufær. Óvinnufærni í stuttan tíma eftir t.d. tognun, einfalt handleggs- eða fótbrott og þess háttar spilar saman við slysadagpeninga. Að því er varðar skilgreiningu á viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu er reglugerð væntanleg á grundvelli 31. gr. laga um almannatryggingar þar sem m.a. verður fjallað um hverjir geti staðfest viðurkenndar meðferðir.

4. Samspil við sjúkrasjóði

- a. Ákvæði reglugerðar nr. 1025/2008:

Sjúkradagpeningar greiðast samhliða greiðslum úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga.

- b. Ákvæði 4. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar, sbr. lög nr. 104/2024:

Það er skilyrði að viðkomandi eigi ekki rétt eða hafi fullnýtt rétt sinn til launa í forföllum vegna veikinda samkvæmt kjarasamningum eða ráðningarsamningi og greiðslna úr sjúkrasjóðum stéttarfélagi.

- **Áhrif:** Helgast fyrst og fremst af því hvort í framkvæmd séu einhver dæmi um að réttur til greiðslna úr sjúkrasjóðum sé hlutfallaður yfir tímabil. Viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði aðildarfélagi ASÍ vísar til þess (12. gr.) að dagpeningagreiðsla úr slíkum sjóði- að viðbættum bótum almannatrygginga - sé ákvörðuð þannig að fjárhæðin sé ekki lægri en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Daga fjölda greiddra dagpeninga til þeirra sem greitt er hlutfallslega lægra iðgjald af en 1% er heimilt að skerða í sama hlutfalli og iðgjaldið er lægra en 1%.

5. Greiðslutímabil

- a. Ákvæði 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1025/2008:

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en í 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er Sjúkratryggingum heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur ef ljóst er að umsækjandi verður innan skamms tíma (að hámarki tveggja mánaða) annað hvort vinnufær eða að unnt verður að meta örorku hans.

- b. Ákvæði 5. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar, sbr. lög nr. 104/2024:

Heimilt er að greiða sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í allt að 60 mánuði en þó að hámarki í 12 mánuði í senn. Heimilt er að framlengja greiðslutímabilið um allt að 24 mánuði ef um er að ræða einstakling í mjög viðkvæmri stöðu sem vegna fjölbætts vanda er talinn þarfnast frekari viðurkenndrar meðferðar eða endurhæfingar. Þá er auk þess heimilt að greiða sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í allt að þrjá mánuði eftir að endurhæfingu lýkur, að því tilskildu að greiðsluþegi sé skráður í atvinnuleit hjá Vinnumálastofnun eða öðrum þjónustuaðila og samþætt sérfræðimat liggi ekki fyrir sem sýni getu til virkni á vinnumarkaði 50% eða minni..

- **Áhrif:** Greiðslutímabil sjúkra- og endurhæfingargreiðslna er lengt frá því sem áður var með endurhæfingarlífeyri en sú breyting hefur að líkindum ekki áhrif á stóran hóp út frá samspili sjúkradagpeninga og núverandi endurhæfingarlífeyris.

6. Ákvörðun greiðslna aftur í tímann

- a. Ákvæði 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1025/2008:

Sjúkradagpeningar skulu að jafnaði eigi ákvarðaðir lengra aftur í tímann en tvo mánuði. Þó er heimilt að lengja þetta tímabil í allt að sex mánuði í tilvikum þar sem bótaréttur er að öðru leyti ótvíræður.

- b. Ákvæði 4. mgr. 32. gr. laga um almannatryggingar:

Greiðslur skulu aldrei ákvarðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár frá því að Tryggingastofnun berst umsókn og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að unnt sé að taka ákvörðun um rétt til greiðslna og fjárhæð þeirra.

- **Áhrif:** Óbreyttur rammi. Samkvæmt 13. gr. laga um félagslega aðstoð skal beita ákvæðum IV. kafla A laga um almannatryggingar (þ. á m. 32. gr.) við framkvæmd endurhæfingarlífeyris.

7. Sjálfstætt starfandi einstaklingar

- a. Ákvæði 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 1025/2008:

Með launaðri vinnu er átt við alla vinnu að beinni tekjuöflun, jafnt atvinnurekanda sem launþega.

- b. Ákvæði 27. gr. laga um almannatryggingar, sbr. lög nr. 104/2024:

Ekki er gerður greinarmunur á umsækjendum eftir því hvort þeir eru launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar.

- **Áhrif:** Þar sem tekjufall er ekki forsenda fyrir sjúkra- og endurhæfingargreiðslum munu sjálfstætt starfandi einstaklingar geta sótt um og fengið greiðslur án þess að sérstaklega sé kveðið á um það. Markmið með meðferð eða endurhæfingu verður þó að vera að auka færni einstaklingsins til atvinnuþátttöku að fullu eða að hluta. Tiltölulega lítill hópur (um 4%).

8. Heimavinnandi

- a. Ákvæði 7. gr. reglugerðar nr. 1025/2008:

Sjúkradagpeningar vegna starfa við eigið heimili sem falla að fullu niður vegna veikinda, skulu nema helmingi fullra dagpeninga. Auk þess er heimilt að greiða allt að helming dagpeninga til viðbótar vegna útgjalda við heimilishjálp.

- b. Ákvæði 1. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar, sbr. lög nr. 104/2024:

Gerir ekki greinarmun á heimavinnandi og öðrum, en markmið endurhæfingar eða meðferðar er að stuðla að aukinni færni til atvinnuþátttöku að fullu eða að hluta.

- **Áhrif:** Þar sem tekjufall er ekki forsenda fyrir sjúkra- og endurhæfingargreiðslum munu heimavinnandi geta sótt um og fengið greiðslur án þess að sérstaklega sé kveðið á um það. Lítill hópur sem telur einhverja tugi (1%). Mögulegt þó að einstaklingur í þessum hópi hafni virkri þátttöku í endurhæfingu með atvinnuþátttöku að markmiði.

9. 16 og 17 ára einstaklingar

- a. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 1025/2008:

Þrátt fyrir aldursskilyrði 1. mgr. [18 ár] er heimilt að greiða sjúkradagpeninga til 16 og 17 ára barna, að öðrum skilyrðum reglugerðarinnar uppfylltum, í tilvikum þar sem bótaréttur er að öðru leyti ótvíræður.

- b. Ákvæði 4. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar, sbr. lög nr. 104/2024:

Umsækjandi um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur skal vera 18 ára eða eldri.

- **Áhrif:** Þessi hópur myndi verða af tilkalli til greiðslna frá ríkinu ef sjúkradagpeningar yrðu lagðir af. Samkvæmt Sjúkratryggingum er þetta einungis sá hópur sem er á aldrinum 16-18 ára og missir launaða vinnu vegna veikinda. Þau sem eru námsmenn á þessum aldri teljast á framfæri foreldra og fá því ekki greiðslur fyrir það að missa úr námi. Þetta eru örfáir einstaklingar, flest ár eru þeir teljandi á fingrum annarrar handar. Misjafnt er hvort unglingar geti átt tilkall til fjárhagsaðstoðar. Reglan hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er að unglingar yngri en 18 ára eigi ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni. Hjá einhverjum sveitarfélögum er þó til staðar undanþáguheimild með því að reglan segir að einstaklingar yngri en 18 ára eigi „alla jafna“ ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

10. Fólk í hlutastarfi

- a. Ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 1025/2008:

Helmingur dagpeninga greiðist þeim sem leggja niður launaða vinnu sem nemur minna en heils dags starfi en að minnsta kosti hálfs dags starfi. Sé lögð niður launuð vinna sem nemur minna en hálfs dags starfi greiðast dagpeningar er nema $\frac{3}{4}$ launataps, allt að helmingi dagpeninga.

- b. Ákvæði 27. gr. laga um almannatryggingar, sbr. lög nr. 104/2024:

Sami réttur til sjúkra- og endurhæfingargreiðslna óháð starfshlutfalli og án skilyrðis um tekjufall.

- **Áhrif:** Bætt staða hópsins sem telur á að giska fjórðung þess hóps sem í dag er viðtakandi sjúkradagpeninga.

11. 67 ára og eldri

- a. Ákvæði reglugerðar nr. 1025/2008:

Ekkert efra aldursmark en fram kemur í 11. gr. að sjúkradagpeningar greiðast ekki þeim sem nýtur ellilífeyris. Ef ellilífeyrir nemur lægri fjárhæð en þeir sjúkradagpeningar sem umsækjandi hefði ella átt rétt á fyrir tiltekið tímabil skal þó greiða dagpeninga sem nemur mismuninum.

- b. Ákvæði 4. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar, sbr. lög nr. 104/2024:

Umsækjandi um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur skal ekki hafa náð ellilífeyrisaldri eins og hann er ákveðinn skv. 1. mgr. 16. gr.

- **Áhrif:** Um sáralítinn hóp er að ræða sem fær lægri lífeyrisgreiðslur frá TR (elli- eða örorkulífeyri) en sem nemur sjúkradagpeningum. Hópurinn taldi 35 manns í heild árið 2022. Ellilífeyrisþegar voru í miklum minnihluta af þeim. Sí hefur til þessa ekki tekið tillit til félagslegs viðbótarstuðnings til aldraðra en hann kemur í raun inn sem greiðslur til hópsins sem er > 67 ára og á lítil eða engin lífeyrisréttindi í almannatryggingum vegna búsetu erlendis.

12. Námsmenn

- a. Ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 1025/2008:

Námsmenn í viðurkenndu námi geta átt rétt til dagpeninga vegna forfalla frá námi af völdum veikinda að því leyti sem forföllin valda töfum á að námsáfangi náist. Gilda þá ákvæði reglugerðarinnar um sjúkradagpeninga vegna launaðrar vinnu eftir því sem við getur átt. Að jafnaði skal við það miðað að námsmenn séu í að minnsta kosti 75% námi samkvæmt skilgreiningu viðkomandi skóla.

- b. Ákvæði 1. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar, sbr. lög nr. 104/2024:

Skal við það miðað að heilsubrestur eða fötlun valdi því að hlutaðeigandi einstaklingur geti hvorki stundað vinnu né nám. Heimilt er þó að líta á þátttöku á vinnumarkaði eða nám sem lið í endurhæfingu eða viðurkenndri meðferð að því tilskildu að atvinnuþátttakan eða námið þjóni markmiði viðurkenndrar meðferðar eða endurhæfingar samkvæmt fyrirliggjandi endurhæfingaráætlun.

- **Áhrif:** Námsmenn sem vinna með námi og verða óvinnufærir til starfs en geta haldið áfram námi fá sjúkradagpeninga vegna niðurfellingar vinnu þrátt fyrir að halda getu sinni til náms. Þetta er ekki stór hópur. Ástundun náms kemur ekki í veg fyrir rétt til sjúkra- og endurhæfingargreiðslna. Greiðsluþegi getur þó ekki stundað fullt nám og námið verður að þjóna markmiði viðurkenndrar meðferðar eða endurhæfingar samkvæmt fyrirliggjandi endurhæfingaráætlun. Gert er ráð fyrir að væntanleg reglugerð um endurskoðaðan IV. kafla laga um almannatryggingar innihaldi m.a. helstu viðmið um mat á þátttöku á vinnumarkaði og ástundun náms samhliða sjúkra- og endurhæfingargreiðslum.

13. Einstaklingar í áfengis- og vímuefna meðferð

- a. Ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 1025/2008:

Heimilt er að greiða þeim sem er í áfengis- eða vímuefnameðferð á viðurkenndri stofnun allt að helming sjúkradagpeninga meðan á meðferð stendur, þrátt fyrir að skilyrði 2. gr. um launaða vinnu eða fullt starf við eigið heimili séu ekki uppfyllt. Skilyrði er að sjúklingur sé inniliggjandi eða á dagdeild en göngudeildarmeðferð fellur ekki hér undir.

b. Ákvæði laga um almannatryggingar, sbr. lög. nr. 104/2024:

Í lögum um almannatryggingar er ekki fjallað sérstaklega um meðferð við áfengis- eða vímuefnavanda en slík meðferð getur talist viðurkennd í skilningi 27. gr. Gagnvart sjúkra- og endurhæfingargreiðslum er sett skilyrði um þátttöku einstaklings í viðurkenndri meðferð og heimilt er að inna greiðslur af hendi á meðan viðkomandi bíður eftir því að fá slíka meðferð.

- **Áhrif:** Fyrir fram er ekki annað að sjá en að sá hópur sem í dag fær sjúkradagpeninga vegna áfengis- eða vímuefnameðferðar geti verið viðtakandi nýrra sjúkra- og endurhæfingargreiðslna, en fyrirvari er þó hafður á gagnvart væntanlegri reglugerð á grundvelli 31. gr. laga um almannatryggingar þar sem m.a. verður fjallað um hverjir geti staðfest viðurkenndar meðferðir. Einnig verður að hafa í huga samspil við fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

14. Heimafæðing

a. Ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 1025/2008:

Sjúkratryggingar greiða fulla sjúkradagpeninga í tíu daga frá fæðingu, ásamt viðbót vegna barna ef við á, til móður sem fætt hefur í heimahúsi. Skilyrði 2. og 3. gr. um óvinnufærni og að vinna hafi verið lögð niður eiga ekki við um dagpeninga samkvæmt þessari grein.

Aðrar bætur almannatrygginga, þar með taldar greiðslur samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof, skerða ekki dagpeninga samkvæmt þessari grein.

b. Ákvæði 27. gr. laga um almannatryggingar, sbr. lög. nr. 104/2024:

Fæðing telst ekki vera heilsubrestur einstaklings sem er afleiðing af sjúkdómi, slysi eða áfalli.

- **Áhrif:** Þessi sérstaka regla sem fram kemur í 11. mgr. 32. gr. laga um sjúkratryggingar á við um lítinn hóp. Reglan er gömul og tengist framkvæmd fæðingarorlofs. Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur koma ekki í stað þessarar greiðslu.

